

Hampiðjan hf.

**Samandreginn árshlutareikningur
samstæðu 30. júní 2026**

**Samandreginn árshlutareikningur
samstæðu 30. júní 2026**

Efnisyfirlit:	Bls.
Skýrsla og áritun stjórnar og forstjóra.....	2
Samandreginn rekstrarreikningur.....	3
Yfirlit um heildarafkomu.....	3
Samandreginn efnahagsreikningur.....	4
Yfirlit um breytingar á eigin fé.....	5
Samandregið sjóðstreymi.....	6
Skýringar.....	7 - 13

Hampiðjan hf.
kt. 590169-3079
Skarfagörðum 4
Reykjavík

Skýrsla og áritun stjórnar og forstjóra

Samandreginn árshlutareikningur Hampiðjunnar hf. fyrir tímabilið janúar til júní 2026 er samstæðureikningur Hampiðjunnar hf. og dótturfélaga.

Samkvæmt rekstrarreikningi var hagnaður samstæðunnar á tímabilinu 8,4 m evra og eigið fé í lok þess 281,4 m. evra en af þeirri fjárhæð eru 16,3 m. evra hluteild minnihluta í eigin fé dótturfélaga. Að öðru leyti vísast til samandregna árshlutareikningsins um rekstur samstæðunnar á tímabilinu og fjárhagsstöðu í lok þess.

Tekjur samstæðu Hampiðjunnar á tímabilinu minnkuðu um 0,9% á milli tímabila og nema 183,2 m. evra samanborið við 184,8 m. evra á sama tímabili árið áður. Rekstrarhagnaður án afskrifta (EBITDA) félagsins lækkaði á milli tímabila um 1,1% og nemur 24,0 m. evra samanborið við 24,2 m. evra sama tímabil árið áður eftir að búið var að leiðrétta fyrir aflagðri starfsemi. Hagnaður samstæðunnar hækkaði á milli tímabila og nam 8,4 m. evra samanborið við 5,2 m. evra á sama tímabili árið 2025.

Félagið hefur hafist handa við umfangsmikla uppbyggingu á nýju iðnaðarsvæði í Auric við Aurangabad á Indlandi, í kjölfar kaupa félagsins á indverska félaginu Kohinoor Ropes Pvt. Ltd. á síðasta ári. Keypt var 120.000 fermetra lóð með heimild til að byggja allt að 76.000 fermetra af byggingum. Framkvæmdir eru byrjaðar á tveimur 28.000 fermetra verksmiðjubyggingum, annars vegar netaverkstæði fyrir fiskeldisnet og veiðarfæri og hins vegar verksmiðju fyrir framleiðslu á netum. Samhliða þessu er verið að reisa 2.000 fermetra skrifstofuhúsnæði og 1.200 fermetra þjónustu- og mótuneytisaðstöðu fyrir starfsmenn. Búið er við því að heildarfjöldi starfsmanna verði um 750 í Auric þegar starfsemin verður komin í fullan gang. Þess er vænst að starfsemi hefjist á svæðinu á þriðja ársfjórðungi ársins og að byggingarframkvæmdum verði að mestu lokið í kring um áramótin. Með þessari uppbyggingu styrkir félagið framleiðslugetu sína og eykur hagkvæmni og sveigjanleika í rekstri. Framleiðslu- og launakostnaður er mun hagstæðari í Indlandi en í Evrópu og mun félagið því nýta árið í uppbyggingu og að koma framleiðslunni af stað. Búið er við því að hagkvæmni af flutningnum komi inn í reksturinn á næsta ári og síðan að fullu á árinu 2028.

Í lok síðasta árs var tilkynnt að öll starfsemi félagsins í fiskeldi yrði sameinuð undir nafninu Eldi. Unnið hefur verið að skiptingu á félögum og tilfærslum á eignarhlutum í félögum innan samstæðunnar til að ná fram þeirri hagræðingu að fullu. Verið er að skipta upp starfsemi félaga í Færeyjum og Noregi þar sem bæði fiskeldi og veiðarfæra þjónusta fóru fram og stefnt er að því að klára þá vinnu á komandi mánuðum. Vel hefur tekist til við að kynna félagið á mörkuðum og hafa viðskiptavinir félagsins tekið breytingunum vel.

Í júlí var tilkynnt um hagræðingaraðgerðir innan samstæðunnar þar sem gert er ráð fyrir að hagræðingin muni að hluta til koma fram á seinni hluta þessa árs og að fullu á næsta ári. Haggræðingin fólst meðal annars í því að tvö norsk dótturfélög, sem starfa við veiðarfæragerð og sölu búnaðar til útgerðar, voru sameinuð undir nafninu Mørenot Refa. Með sameiningunni verða starfsstöðvar samnýttar, markvissari nýting mannafla næst og þjónustustig tryggt. Einnig var öll starfsemi tengd framleiðslu og sölu á toghlerum í Litháen sameinuð undir Vónin og mun sú yfirfærsla auka framlegð rekstrarins.

Eldi tilkynnti á árinu að félagið hafi stofnað, ásamt norska tæknifyrirtækinu Rotor Systems, félagið Rotor Aqua sem hefur það að markmiði að þróa, innleiða og markaðssetja nýja tækni og lausnir fyrir vinnsluferla og stafræna stjórnun í fiskeldi. Undanfari þessa samstarfs er þróunarsamstarf Eldi og Rotor Systems um nýja tækni sem nefnd er BioSeize til að safna saman og meðhöndla lífrænan úrgang í fiskeldi.

Yfirlýsing stjórnar og forstjóra

Samkvæmt bestu vitneskju er það álit okkar að samandreginn árshlutareikningur samstæðunnar er gerður í samræmi við alþjóðlega reikningsskilastaðla (IFRS) eins og þeir hafa verið staðfestir af Evrópusambandinu.

Samkvæmt bestu vitneskju er það álit okkar að samandreginn árshlutareikningur Hampiðjunnar hf. gefi glögga mynd af eignum, skuldum og fjárhagsstöðu samstæðunnar 30. júní 2026, rekstrarafkomu og breytingu á handbæru fé á tímabilinu 1. janúar til 30. júní 2026.

Það er jafnframt álit okkar að samandregni árshlutareikningurinn geymi glögg yfirlit um þróun og árangur í rekstri samstæðunnar, stöðu hennar í lok tímabilsins og lýsi helstu áhættuþáttum sem samstæðan býr við.

Stjórn og forstjóri hafa í dag farið yfir samandreginn árshlutareikning samstæðunnar fyrir fyrstu sex mánuði ársins 2026 og staðfesta hann með undirritun sinni.

Reykjavík 27. ágúst 2026

Stjórn:

Vilhjálmur Vilhjálmsson

Kristján Loftsson

Auður Kristín Árnadóttir

Loftur Bjarni Gíslason

Sigrún Þorleifsdóttir

Forstjóri:

Hjörtur Erlendsson

Rekstrarreikningur samstæðu

	Skýr.	1.4 - 30.6 2026	1.4 - 30.6 2025*	1.1 - 30.6 2026	1.1 - 30.6 2025
Sala		85.886	94.749	183.169	184.779
Beinn framleiðslukostnaður		<u>(60.600)</u>	<u>(69.306)</u>	<u>(129.916)</u>	<u>(134.687)</u>
Framlegð		25.286	25.443	53.253	50.092
Rekstrarkostnaður		<u>(16.806)</u>	<u>(16.367)</u>	<u>(37.457)</u>	<u>(33.865)</u>
Rekstrarhagnaður		8.480	9.075	15.796	16.227
Fjáreignatekjur	5	133	198	269	563
Fjármagnsgjöld	5	(3.153)	(3.622)	(6.321)	(6.730)
Gengismunur	5	(262)	(958)	567	(1.976)
Áhrif af rekstri hlutdeildarfélagi		<u>95</u>	<u>75</u>	<u>159</u>	<u>69</u>
		<u>(3.187)</u>	<u>(4.307)</u>	<u>(5.326)</u>	<u>(8.074)</u>
Hagnaður fyrir skatta		5.293	4.768	10.470	8.153
Tekjuskattur		<u>(937)</u>	<u>(742)</u>	<u>(2.025)</u>	<u>(1.170)</u>
Hagnaður af áframhaldandi starfsemi eftir skatta		4.356	4.026	8.445	6.983
Aflögð starfsemi eftir skatta	11	<u>0</u>	<u>(1.687)</u>	<u>0</u>	<u>(1.809)</u>
Hagnaður tímabilsins		<u>4.356</u>	<u>2.339</u>	<u>8.445</u>	<u>5.174</u>
Skipting hagnaðar					
Hluti hluthafa móðurfélagsins		3.986	2.026	7.427	4.575
Hluti minnihluta í afkomu dótturfélaga		<u>370</u>	<u>313</u>	<u>1.018</u>	<u>599</u>
		<u>4.356</u>	<u>2.339</u>	<u>8.445</u>	<u>5.174</u>
Grunnhagnaður á hlut (EUR cent) áframhaldandi starfsemi		0,70	0,64	1,35	1,12
Grunnhagnaður á hlut (EUR cent) með aflagðri starfsemi		0,70	0,37	1,35	0,83
EBITDA		12.640	12.944	23.958	24.233
<i>Sem hlutfall af rekstrartekjum</i>		14,7%	13,7%	13,1%	13,1%

Yfirlit um heildarafkomu samstæðu

	1.4 - 30.6 2026	1.4 - 30.6 2025	1.1 - 30.6 2026	1.1 - 30.6 2025
Hagnaður tímabilsins	4.356	2.339	8.445	5.174
Liðir sem síðar verða færðir í rekstrarreikning				
Þýðingarmunur vegna starfsemi erlendra dótturfélaga	1.926	(5.678)	4.571	(4.775)
Liðir sem verða ekki færðir í rekstrarreikning				
Matsbreyting á eignarhlutum í öðrum félögum	<u>515</u>	<u>(271)</u>	<u>571</u>	<u>(451)</u>
Heildarafkoma tímabilsins	<u>6.797</u>	<u>(3.610)</u>	<u>13.587</u>	<u>(52)</u>
Skipting heildarafkomu				
Hluti hluthafa móðurfélagsins	6.582	(3.729)	12.715	(392)
Hluti minnihluta	<u>215</u>	<u>119</u>	<u>872</u>	<u>340</u>
Heildarafkoma tímabilsins	<u>6.797</u>	<u>(3.610)</u>	<u>13.587</u>	<u>(52)</u>

*Samanburðarfjárhæðum í rekstri fyrir tímabilið 1.4.25-30.6.25 hefur verið breytt vegna aflagðrar starfsemi sbr. skýringu 11

Skýringar á bls. 7 - 13 eru óaðskiljanlegur hluti þessara samandregnu samstæðureikningsskila

Efnahagsreikningur samstæðu

Eignir	Skýr.	30/6 2026	31/12 2025
Fastafjármunir			
Varanlegir rekstrarfjármunir	6	196.877	194.096
Óefnislegar eignir	7	106.943	105.097
Eignarhlutir í hlutdeildarfélögum		3.356	1.753
Eignarhlutir í öðrum félögum		2.785	2.219
Skuldabréf og langtímakröfur	9	3.277	3.366
Tekjuskattsinneign		4.959	3.753
		<u>318.197</u>	<u>310.284</u>
Veltufjármunir			
Birgðir	8	147.062	138.418
Viðskiptakröfur og aðrar skammtímakröfur	9	81.592	71.937
Handbært fé	10	24.129	26.395
		<u>252.783</u>	<u>236.750</u>
Eignir vegna aflagðrar starfsemi	11	0	440
		<u>252.783</u>	<u>237.190</u>
Eignir samtals		<u>570.980</u>	<u>547.474</u>
Eigið fé og skuldir		30/6 2026	31/12 2025
Eigið fé			
Hlutfé		6.410	6.410
Yfirverðsreikningur hlutfjár		117.922	117.922
Matsbreytingar og aðrir varasjóðir		(5.102)	(10.390)
Annað bundið eigið fé		76.156	73.346
Óráðstafað eigið fé		69.761	67.063
		<u>265.147</u>	<u>254.351</u>
Hlutdeild minnihluta		16.297	15.937
Eigið fé samtals		<u>281.444</u>	<u>270.288</u>
Skuldir			
Langtímaskuldir			
Langtímaskuldir		140.648	141.014
Tekjuskattsskuldbinding		5.709	7.617
		<u>146.357</u>	<u>148.631</u>
Skammtímaskuldir			
Viðskiptaskuldir og aðrar skammtímaskuldir	12	55.628	56.445
Ógreiddir skattar		2.963	1.710
Skuldir við lánastofnanir		84.588	70.400
		<u>143.179</u>	<u>128.555</u>
Skuldir samtals		289.536	277.186
Eigið fé og skuldir samtals		<u>570.980</u>	<u>547.474</u>

Skýringar á bls. 7 - 13 eru óaðskiljanlegur hluti þessara samandregnu samstæðureikningsskila

Yfirlit um breytingar á eigin fé samstæðu

	Hlutafé	Yfir- verðsr.	Matsbr. og aðrir varasj.	Annað bundið eigið fé	Óráðst. eigið fé	Hlud. minnihl.	Samtals
Staða 1. janúar 2025	6.403	117.156	(4.151)	72.289	68.563	12.970	273.230
<i>Heildarafkoma:</i>							
Heildarafkoma jan. til júní 2025 eftir skatta			(4.966)	0	4.574	340	(52)
Hl. í afk. dótturfélaga umfram móttækinn arð				336	(336)		0
	0	0	(4.966)	336	4.238	340	(52)
<i>Eigendur:</i>							
Úthlutaður arður til eigenda 1,1 kr. á hlut					(4.772)	(557)	(5.329)
Minnihluti, breyting						1.254	1.254
Sala eigin bréfa	7	766					773
	7	766	0	0	(4.772)	697	(3.302)
Staða 30. júní 2025 / 1. júlí 2025	6.410	117.922	(9.117)	72.625	68.029	14.007	269.876
<i>Heildarafkoma:</i>							
Heildarafkoma júlí. til des. 2025 eftir skatta			(1.273)	0	(246)	845	(674)
Hl. í afk. dótturfélaga umfram móttækinn arð				721	(721)		0
	0	0	(1.273)	721	(967)	845	(674)
<i>Eigendur:</i>							
Úthlutaður arður til eigenda 1,1 kr. á hlut						17	17
Minnihluti, breyting						1.068	1.068
	0	0	0	0	0	1.085	1.085
Staða 31. desember 2025 / 1. janúar 2026	6.410	117.922	(10.390)	73.346	67.063	15.937	270.288
<i>Heildarafkoma:</i>							
Heildarafkoma jan. til júní 2026 eftir skatta			5.288	0	7.427	872	13.587
Hl. í afk. dótturfélaga umfram móttækinn arð				2.810	(2.810)		0
	0	0	5.288	2.810	4.617	872	13.587
<i>Eigendur:</i>							
Úthlutaður arður til eigenda 1,1 kr. á hlut					(1.919)	(513)	(2.432)
	0	0	0	0	(1.919)	(513)	(2.432)
Staða 30. júní 2026	6.410	117.922	(5.102)	76.156	69.761	16.297	281.444

Skýringar á bls. 7 - 13 eru óaðskiljanlegur hluti þessara samandregnu samstæðureikningsskila

Sjóðstreymi samstæðu

	Skýringar	1.1 - 30.6 2026	1.1 - 30.6 2025
Rekstrarhreyfingar			
Rekstrarhagnaður		15.796	16.227
Rekstrarliðir sem hafa ekki áhrif á fjárstreymi:			
Afskriftir	6,7	8.162	8.006
EBITDA		<u>23.958</u>	<u>24.233</u>
(Tap) af aflagðri starfsemi	11	0	(1.809)
Söluhagnaður (tap) varanlegra rekstrarfjármuna		467	(43)
Breytingar á rekstartengdum eignum og skuldum		<u>(16.103)</u>	<u>(9.358)</u>
Handbært fé frá rekstri án vaxta og skatta		8.322	13.023
Innborgaðir vextir.....	5	234	380
Innborgaður arður.....	5	35	27
Greiddir vextir.....		(6.474)	(6.861)
Greiddir skattar.....		<u>(690)</u>	<u>(2.383)</u>
Handbært fé frá rekstri		1.427	4.186
Fjárfestingahreyfingar			
Kaup og sala varanlegra rekstrarfjármuna		(7.318)	(9.071)
Kaup og sala óefnislegra eigna		(2.298)	(1.043)
Fjárfesting í dótturfélögum / hlutdeildarfélögum		(1.446)	(21.959)
Skuldabréf og langtímakröfur, breyting		<u>(54)</u>	<u>194</u>
Handbært fé frá fjárfestingum (til fjárfestinga)		(11.116)	(31.879)
Fjármögnunarhreyfingar			
Bankalán, breyting		9.217	23.720
Arður greiddur til hluthafa		(1.919)	(4.772)
Arður greiddur til minnihluta		<u>(513)</u>	<u>(557)</u>
Handbært fé frá fjármögnun		6.785	18.391
Lækkun á handbæru fé			
		(2.904)	(9.302)
Handbært fé í byrjun ársins.....	10	26.395	41.429
Gengismunur vegna handbærs fjár.....		638	(669)
Handbært fé frá keyptu dótturfélagi.....		0	132
Handbært fé í lok tímabilsins af áframhaldandi starfsemi		<u>24.129</u>	<u>31.590</u>

Skýringar á bls. 7 - 13 eru óaðskiljanlegur hluti þessara saman dregnu samstæðureikningsskila

Skýringar

1. Almennar upplýsingar

Meginstarfsemi samstæðu Hampiðjunnar hf. og dótturfélaga er framleiðsla og sala á fullbúnum veiðarfærum og íhlutum þeirra. Félagið er hlutafélag og starfar á grundvelli laga nr. 2/1995 um hlutafélög.

Hampiðjan hf. er með heimilisfesti á Íslandi. Heimilisfang er skráð að Skarvagörðum 4 í Reykjavík.

Félagið er skráð á aðalmarkað Nasdaq á Íslandi.

Stjórn félagsins samþykkti þessi reikningsskil 27. ágúst 2026.

2. Reikningsskilaaðferðir

Helstu reikningsskilaaðferðir sem beitt var við gerð þessara reikningsskila eru tilgreindar hér á eftir. Þessum aðferðum var beitt á samræmdan hátt á bæði árin sem sett eru fram, nema annað sé tekið fram.

2.1 Grundvöllur reikningsskila

Samandreginn árshlutareikningur samstæðu Hampiðjunnar hf. fyrir tímabilið janúar til júní 2026 er gerður í samræmi við alþjóðlegan reikningsskilastaðal um árshlutareikninga IAS 34 eins og hann hefur verið staðfestur af Evrópusambandinu og viðbótarkröfur í lögum um ársreikninga. Samandregni árshlutareikningurinn inniheldur ekki allar þær upplýsingar sem krafist er í fullbúnum ársreikningi og ætti því að lesa með hliðsjón af ársreikningi samstæðunnar fyrir árið 2025.

3. Mikilvæg atriði sem varða reikningshaldslegt mat

Skráning eigna og skulda með tilliti til næsta fjárhagsárs er byggð á mati samstæðunnar. Stöðugt er farið yfir slíkt mat með hliðsjón af reynslu og öðrum þáttum svo sem framtíðarvæntingum sem taldar eru eðlilegar miðað við aðstæður. Slíkt reikningshaldslegt mat er í eðli sínu sjaldan nákvæmlega í samræmi við raunverulega niðurstöðu.

4. Starfspáttayfirlit

Rekstrarstarfspættir

Rekstrarstarfspáttur er aðgreinanlegur hluti samstæðunnar vegna ólíkra efnislegra þátta sem eru mótaðir af stýringu og eftirliti stjórnenda samstæðunnar. Samstæðan skilgreinir nú í fyrsta sinn starfsemi sína í fjóra starfspætti. Áður var rekstrinum skipt eftir landfræðilegum svæðum, en ný skipting byggir á vörum og mörkuðum sem samstæðan starfar á. Starfspáttayfirliti fyrir samanburðar tímabil hefur verið breytt til samræmis.

Móðurfélag og framleiðsla	Starfsemi Hampiðjunnar hf. sem er yfirstjórn samstæðunnar, endursala og fjárfestingar. Starfsemi framleiðslufyrirtækjanna Hampidjan Baltic í Litháen ásamt starfsemi Kohinoor Ropes Pvt. Ltd. og BK Global SHA í Indlandi þar sem framleidd eru net, kaðlar og ofurtóg.
Veiðarfæri	Starfsemi veiðarfærafélaganna Hampidjan New Zealand, Hampidjan Canada, Swan Net USA, Jackson Trawl, Hampidjan Australia, International Rope Braid, Hampiðjan Ísland, Voot, Fasteignafélagsins Miðhúsa, Hampidjan Poland, Cosmos Trawl og dótturfélagsins Strandby Net, Vónin Lithuania, SNG, Vónin, Vonin Refa, Vonin Canada, Qalut Vonin, Volu Ventis, Mørenot Fishery, NAFS, UAB Baltic Sea Steel, Mørenot China og Hampidjan TorNet.
Fiskeldi	Starfsemi félaga í þjónustu við fiskeldisiðnað Mørenot Holding, Eldi Aqua Holding, Eldi Scotland, Eldi Norway, Eldi Baltic, Eldi Canada, Eldi Spain, Eldi Faroes (hluti af Vónin), Eldi Refa (hluti af Refa), Eldi Protection og Eldi Aqua Iceland.
Útsjávariðnaður	Starfsemi félaga í útsjávariðnaði Jackson Offshore og Hampidjan Advant.

Skýringar

4. Starfspáttayfirlit, framhald

	Móðurfélag og framleiðsla	Veiðarfæri	Fiskeldi	Útsjávar-iðnaður	Milli-viðskipti	Samtals
Janúar til júní 2026						
Rekstrartekjur	45.613	99.270	66.931	6.918	(35.563)	183.169
Beinn framl.kostn	(33.761)	(74.464)	(51.236)	(5.028)	34.573	(129.916)
	11.852	24.806	15.695	1.890		53.253
Rekstrarkostnaður	(8.210)	(16.925)	(12.377)	(935)	990	(37.457)
Rekstrarhagnaður	3.642	7.881	3.318	955		15.796
Sem hlutfall af rekstrartekjum	8,0%	7,9%	5,0%	13,8%		8,6%
Fjármunat. (fjármagnsgj.)	(2.331)	(1.669)	(1.307)	(178)		(5.485)
Hlutdeildarafkoma	159	0	0	0		159
Tekjuskattur	(494)	(1.206)	(140)	(185)		(2.025)
Hagnaður tímabilsins	976	5.006	1.871	592		8.445
Afskriftir fastafjármuna	1.639	3.470	3.014	39		8.162
Kaup/sala fastafjármuna	(2.982)	(4.796)	(1.799)	(39)		(9.616)
EBITDA	5.281	11.351	6.332	994		23.958
Sem hlutfall af rekstrartekjum	11,6%	11,4%	9,5%	14,4%		13,1%

	Móðurfélag og framleiðsla	Veiðarfæri	Fiskeldi	Útsjávar-iðnaður	Milli-viðskipti	Samtals
Janúar til júní 2025						
Rekstrartekjur	37.698	111.037	58.262	6.094	(28.312)	184.779
Beinn framl.kostn	(29.105)	(83.939)	(44.344)	(4.634)	27.335	(134.687)
	8.593	27.098	13.918	1.460		50.092
Rekstrarkostnaður	(7.613)	(16.773)	(9.516)	(939)	977	(33.865)
Rekstrarhagnaður	980	10.325	4.402	521		16.227
Sem hlutfall af rekstrartekjum	2,6%	9,3%	7,6%			8,8%
Fjármunat. (fjármagnsgj.)	(3.171)	(2.296)	(2.631)	(45)		(8.143)
Hlutdeildarafkoma	54	15	0	0		69
Tekjuskattur	382	(1.272)	(162)	(118)		(1.170)
Aflögð starfsemi e. skatta	0	0	(1.809)	0		(1.809)
Hagnaður (tap) tímabilsins	(1.755)	6.772	(200)	358		5.174
Afskriftir fastafjármuna	1.857	3.299	2.812	38		8.006
Kaup/sala fastafjármuna	(3.418)	(5.345)	(1.349)	(2)		(10.114)
EBITDA	2.837	13.624	7.213	559		24.233
Sem hlutfall af rekstrartekjum	7,5%	12,3%	12,4%	9,2%		13,1%

	Móðurfélag og framleiðsla	Veiðarfæri	Fiskeldi	Útsjávar-iðnaður	Milli-viðskipti	Samtals
30/6 2026						
Fastafjármunir	118.674	168.871	75.110	3.480	(47.938)	318.197
Veltufjármunir	58.132	162.280	63.562	5.556	(36.747)	252.783
Langtímaskuldir	96.098	58.176	39.969	52	(47.938)	146.357
Skammtímaskuldir	64.685	75.142	38.161	1.937	(36.747)	143.179
31/12 2025						
Fastafjármunir	110.169	164.900	68.120	3.174	(36.079)	310.284
Veltufjármunir	50.349	159.668	48.947	4.776	(26.990)	236.750
Langtímaskuldir	89.370	60.210	34.595	43	(35.587)	148.631
Skammtímaskuldir	52.829	68.799	32.109	2.318	(27.500)	128.555

Skýringar

	1.1 - 30.6	1.1 - 30.6	
	2026	2025	
5. Fjáreignatekjur og fjármagnsgjöld			
Fjáreignatekjur			
Vaxtatekjur	234	536	
Fenginn arður	35	27	
	269	563	
Fjármagnsgjöld			
Vaxtagjöld	(6.321)	(6.730)	
	(6.321)	(6.730)	
Gengismunur	567	(1.976)	
Fjármunatekjur og (fjármagnsgjöld) nettó	(5.485)	(8.143)	
6. Varanlegir rekstrarfjármunir			
	Fasteignir	Vélar, áhöld og tæki	Samtals
Staða 1. janúar 2025			
Kostnaðarverð	184.631	119.941	304.572
Uppsafnaðar afskriftir	(51.088)	(72.737)	(123.825)
Bókfært verð í lok ársins	133.543	47.204	180.747
Hreyfingar árið 2025			
Bókfært verð í byrjun árs 2025	133.543	47.204	180.747
Nýir leigusamningar	260	704	964
Gengismunur	1.824	(3.285)	(1.461)
Viðbætur vegna kaupa á dótturfélögum	3.466	4.044	7.510
Viðbætur	16.481	9.177	25.658
Selt og aflagt	(4.375)	(991)	(5.366)
Afskriftir	(6.982)	(6.974)	(13.956)
Bókfært verð í lok árs 2025	144.217	49.879	194.096
Staða 1. janúar 2026			
Kostnaðarverð	199.246	129.045	328.291
Uppsafnaðar afskriftir	(55.029)	(79.166)	(134.195)
Bókfært verð	144.217	49.879	194.096
Hreyfingar á tímabilinu jan. til júní 2026			
Bókfært verð í byrjun árs 2026	144.217	49.879	194.096
Nýir leigusamningar	79	12	91
Gengismunur	(1.065)	945	(120)
Viðbætur	5.407	2.947	8.354
Kaupverðsútteiling	2.588	0	2.588
Selt og aflagt	(257)	(484)	(741)
Afskriftir	(3.578)	(3.813)	(7.391)
Bókfært verð í lok tímabilsins	147.391	49.486	196.877
Staða 30. júní 2026			
Kostnaðarverð	206.783	132.716	339.499
Uppsafnaðar afskriftir	(59.392)	(83.230)	(142.622)
Bókfært verð í lok tímabilsins	147.391	49.486	196.877
Afskriftir varanlegra rekstrarfjármuna greinast á eftirfarandi hátt í rekstrarreikningi:	1.1 - 30.6	1.1-31.12	
	2026	2025	
Framleiðslukostnaður	5.503	10.490	
Annar rekstrarkostnaður	1.888	3.466	
	7.391	13.956	

Meðal fasteigna eru leigugeignir að fjárhæð 29.469 þús. evrur (2025: 29.613 þús. evrur) og meðal véla, áhald og tækja eru leigugeignir að fjárhæð 4.867 þús. evrur (2025: 5.693 þús. evrur).

Skýringar

7. Óefnislegar eignir

	Viðskipta- vild	Einkaleyfi	Aðrar óefnislegar	Samtals
Staða 1. janúar 2025				
Kostnaðarverð 74.822	1.272	23.052	99.146	
Uppsafnaðar afskriftir (768)	(1.111)	(10.656)	(12.535)	
Bókfært verð í lok árs 74.054	161	12.396	86.611	
Hreyfingar árið 2025				
Bókfært verð í byrjun árs 2025 74.054	161	12.396	86.611	
Gengismunur (2.954)	0	(329)	(3.282)	
Viðbætur vegna kaupa á dótturfélögum 19.808	0	232	20.040	
Viðbætur 0	242	2.962	3.204	
Kaupverðsútteiling (2.554)	0	2.554	(0)	
Selt og aflagt 0	0	(104)	(104)	
Afskriftir 0	(9)	(1.363)	(1.372)	
Bókfært verð í lok árs 2025 88.354	394	16.348	105.097	
Hreyfingar á tímabilinu jan. til júní 2026				
Bókfært verð í byrjun árs 2026 88.354	394	16.349	105.097	
Gengismunur 1.896	1	(370)	1.527	
Viðbætur 0	89	3.695	3.784	
Kaupverðsútteiling (5.572)	0	2.984	(2.588)	
Selt og aflagt 0	0	(106)	(106)	
Afskriftir 0	(5)	(766)	(771)	
Bókfært verð í lok tímabilsins 84.678	479	21.786	106.943	
Staða 30. júní 2026				
Kostnaðarverð 85.052	1.603	34.504	121.159	
Uppsafnaðar afskriftir (374)	(1.124)	(12.718)	(14.216)	
Bókfært verð í lok tímabilsins 84.678	479	21.786	106.943	
Afskriftir óefnislegra eigna greinast á eftirfarandi hátt í rekstrarreikningi:			1.1 - 30.6 2026	1.1-31.12 2025
Framleiðslukostnaður			309	550
Annar rekstrarkostnaður			462	822
			<u>771</u>	<u>1.372</u>

Virðisrýmunarpróf vegna viðskiptavildar:

Virðisrýmunarpróf er framkvæmt a.m.k. einu sinni á ári nema ef vísbendingar um virðisrýmun séu til staðar. Viðskiptavild er skipt á fjárskapandi einingar samstæðunnar (CGU) og er skilgreind með sama hætti og starfsþættir félagsins sbr. skýringu nr. 4.

Endurheimtanleg fjárhæð fjárskapandi rekstrareininga er ákvörðuð miðað við útreikning á notkunarvirði. Tekið er tillit til skilgreiningar á hinni fjárskapandi einingu sem viðskiptavildinni fylgir við mat á virðisrýmun hennar og undirliggjandi fastafjármuna og veltufjármuna. Útreikningar byggja á áætluðu fjárstreymi fyrir næstu 5 ár, ásamt eilífðarvirði út frá þeim tíma. Gerð er vegin nafnverðskrafa á fjárflæði en um er að ræða ávöxtunarkröfu sem til samræmis við uppruna fjárstreymisins, er gert miðað við mynd þess fjárstreymis sem um ræðir.

Áætluð framlegð er eins og stjórnendur hafa ákvarðað hana miðað við fyrri árangur og væntingar þeirra um markaðspróun. Áfvöxtunarstuðlarnir endurspeglar sérstaka áhættu sem tengist tengdum starfsþáttum.

Kaupverðsútteiling:

Gengið var frá kaupum Kohinoor Ropes Pvt. Ltd. í byrjun febrúar 2025 en samstæðan hafði 12 mánuði frá yfirtökudegi til að ganga frá kaupverðsútteilingu vegna kaupanna en þeirri vinnu lauk á tímabilinu. Kohinoor Ropes Pvt. Ltd. er hluti af starfsþætti framleiðslu. Lokið var við kaupverðsútteilinguna á tímabilinu og var yfirverði að fjárhæð 5.572 endurúthlutað yfir á viðskiptasambönd að fjárhæð 2,984 m. EUR og fasteignir að fjárhæð 2,588 m. EUR að teknu tilliti til skattaáhrifa. Eftir stendur viðskiptavild vegna kaupanna að fjárhæð 10,5 m. EUR. Hluti af kaupverðinu var möguleg aukagreiðsla til seljenda ef að ákveðnum markmiðum væri náð. Ekki liggur enn fyrir hvort þeim markmiðum var náð en búist er við að endanlegt kaupverð liggji fyrir í lok þessa árs.

8. Birgðir

Birgðir greinast þannig í lok tímabilsins:	30/6 2026	31/12 2025
Net, kaðlar, járnvara, veiðarfæri og aðrar afurðir	136.857	130.014
Vörur í vinnslu	6.377	4.923
Hráefni fyrir hlera, neta- og kaðlaframleiðslu	3.828	3.481
	<u>147.062</u>	<u>138.418</u>

Skýringar

9. Viðskiptakröfur og aðrar skammtímakröfur

Viðskiptakröfur og aðrar kröfur greinast þannig í lok tímabilsins:	30/6 2026	31/12 2025
Viðskiptakröfur	65.398	59.555
Niðurfærsla viðskiptakrafna	(1.470)	(1.130)
Viðskiptakröfur nettó í lok tímabils	63.928	58.425
Skuldabréf og aðrar kröfur	20.941	16.878
Viðskiptakröfur og aðrar kröfur í lok tímabils	84.869	75.303
Þar af langtímakröfur	(3.277)	(3.366)
	81.592	71.937

Viðskiptakröfur eru færðar niður um 1.470 þúsund evrur í efnahagsreikningi samstæðunnar og greinist niðurfærslureikningurinn á eftirfarandi hátt:

Niðurfærsla í byrjun árs	1.130	1.247
Breyting niðurfærslu á tímabilinu	340	(117)
	1.470	1.130

10. Handbært fé

	30/6 2026	31/12 2025
Handbært fé í banka sem reiðufé og aðrar skammtímafjárfestingar	24.129	26.395
	24.129	26.395

11. Aflögð starfsemi

Á árinu 2025 var tekin ákvörðun í kjölfar hagræðingaaðgerða sem farið var í samhlíða kaupunum á Kohinoor að leggja niður framleiðslueiningar í Poldan Net og Mørenot Denmark sem eru að fullu í eigu Mørenot sem Hampiðjan hf. á að fullu. Áhrifin af rekstri félaganna á meðan verið er að ganga endanlega frá lokun og uppgjör samninga eru sýnd hér að neðan. Uppgjör á aflagðri starfsemi er sýnd sérstaklega í rekstri ásamt samanburðarfjárhæðum í rekstri í samræmi við ákvæði reikningsskilastaðalins IFRS 5 um eignir til sölu og aflagða starfsemi. Áhrif á eignir og skuldir eru jafnframt dregin saman í efnahagsreikningi í samræmi við IFRS 5.

Afkoma af aflagðri starfsemi eftir tekjuskatt	1.1 - 30.6 2026	1.1 - 30.6 2025
Hreint (tap) af aflagðri starfssemi	0	(1.809)
Afkoma af aflagðri starfsemi eftir tekjuskatt	0	(1.809)
<i>Afkoma af aflagðri starfssemi</i>		
Poldan Net	0	(38)
Mørenot Denmark	0	(1.772)
Afkoma af aflagðri starfsemi eftir tekjuskatt	0	(1.809)
Rekstrarreikningur aflagðrar starfssemi.		
Sala	0	5.523
Beinn framleiðslukostnaður	0	(4.790)
Framlegð	0	733
Rekstrarkostnaður	0	(2.506)
Rekstrarhagnaður	0	(1.772)
Fjármagnsgjöld	0	(37)
	0	(37)
	0	(1.809)

Afkoma af aflagðri starfsemi

Framleiðsla Poldan Net var færð til Indlands ásamt því að hluti af eignum félagsins fór yfir í aðstöðu Hampiðjunnar Baltic. Sama á við um starfsemi Mørenot Denmark, sem er móðurfélag Poldan, en hluti af hagræðingaaðgerðum félagsins var að leggja niður starfsemina þar og færa hana yfir á aðrar starfsstöðvar félagsins. Ákvörðunin í Danmörku leiddi m.a. til að þess að greiða þurfti upp leigusamning sem félagið hafði gert ásamt því að gera starfslokasamninga við starfsmenn á þessum starfsstöðvum. Ekki er búist við að það falli á samstæðuna frekari kostnaður vegna lokunar þessara félaga en kemur fram í ársreikningi 2025.

Samanburðarfjárhæðum í rekstri á öðrum ársfjórðungi (1.4.25-30.6.25) hefur verið breytt vegna aflagðrar starfsemi. Þessi breyting hefur engin áhrif afkomu fjórðungsins heldur aðeins lítilsháttar tilfærsla á milli liða í rekstrarreikningi tímabilsins 1.4.25-30.6.25.

Skýringar

12. Viðskiptaskuldir og aðrar skammtímaskuldir

Viðskiptaskuldir og aðrar skammtímaskuldir greinast þannig:

	30/6 2026	31/12 2025
Viðskiptaskuldir	54.082	54.972
Aðrar skammtímaskuldir	1.546	1.473
	<u>55.628</u>	<u>56.445</u>

13. Árshlutayfirlit

Rekstur samstæðunnar greinist þannig á árshluta:

	apr.-jún. 2026	jan.-mars 2026	okt.-des. 2025	júl.-sept. 2025	apr.-jún. 2025	jan.-mars 2025
Rekstrartekjur	85.886	97.283	82.092	92.865	94.749	90.030
Rekstrargjöld án afskrifta	<u>(73.246)</u>	<u>(85.965)</u>	<u>(75.502)</u>	<u>(84.080)</u>	<u>(81.805)</u>	<u>(78.741)</u>
Rekstrarhagnaður án afskrifta (EBITDA)	12.640	11.318	6.590	8.785	12.944	11.289
Afskriftir	<u>(4.160)</u>	<u>(4.002)</u>	<u>(3.276)</u>	<u>(4.049)</u>	<u>(3.869)</u>	<u>(4.137)</u>
Rekstrarhagnaður (EBIT)	8.480	7.316	3.314	4.736	9.075	7.152
Fjármunatekjur og (fjármagnsgjöld)	<u>(3.187)</u>	<u>(2.139)</u>	<u>(1.984)</u>	<u>(2.892)</u>	<u>(4.307)</u>	<u>(3.767)</u>
Hagnaður fyrir skatta	5.293	5.177	1.330	1.844	4.768	3.385
Tekjuskattur	(937)	(1.088)	(949)	(375)	(742)	(428)
Aflögð starfsemi eftir skatta	0	0	(595)	(457)	(1.687)	(122)
Hagnaður árshluta	<u>4.356</u>	<u>4.089</u>	<u>(214)</u>	<u>1.012</u>	<u>2.339</u>	<u>2.835</u>

Skýringar

14. Yfirlit yfir félög í samstæðu

Nafn félags	Staðsetning	Starfsemi	Eignarhluti í eigu samstæðu	Eignarhluti í eigu minnihluta
Hampidjan Baltic UAB	Litháen	Kaðla- og netaframleiðsla	100%	
Hampidjan Australia Ltd	Ástralía	Veiðarfæragerð	100%	
International Rope Braid Ltd, df. Hamp-Australia Ltd.	Ástralía	Kaðlaframleiðsla	100%	
Hampidjan New Zealand Ltd	Nýja Sjáland	Veiðarfæragerð	100%	
Hampidjan Canada Ltd	Kanada	Veiðarfæragerð	100%	
Hampidjan USA Inc	Bandaríkin	Eignarhaldsfélag	100%	
Swan Net USA, dótturfélag Hampidjan USA Inc	Bandaríkin	Veiðarfæragerð	100%	
Cosmos Trawl A/S	Danmörk	Veiðarfæragerð	100%	
Strandby Net A/S, dótturfélag Cosmos Trawl A/S	Danmörk	Veiðarfæragerð	80%	20%
Swan Net Gundry Ltd (SNG)	Írland	Veiðarfæragerð	65%	35%
Coastal Cages, dótturf. SNG	Írland	Fiskeldisbúnaður	65%	35%
Hampiðjan Ísland ehf.	Ísland	Veiðarfæragerð	100%	
Hampidjan Russia Ltd	Rússland	Sölufélag	60%	40%
Voot beita ehf.	Ísland	Sölufélag	68%	32%
Fasteignafélagið Miðhús ehf.	Ísland	Fasteignafélag	53%	47%
Hampidjan TorNet SA	Spánn	Veiðarfæragerð	100%	
P/F Von	Færeyjar	Eignarhaldsfélag	100%	
P/F Vónin, dótturfélag P/F Von	Færeyjar	Veiðarfæragerð	100%	
Vonin Canada Ltd, dótturfélag P/F Vónin	Kanada	Veiðarfæragerð	100%	
Qalut Vonin, dótturfélag P/F Vónin	Grænland	Veiðarfæragerð	75%	25%
Vónin Ísland ehf, dótturfélag P/F Vónin	Ísland	Sölufélag	100%	
Volu Ventis ApS, dótturfélag P/F Vónin	Danmörk	Vöruþróun	100%	
Vonin Refa AS, dótturfélag P/F Von	Noregur	Veiðarfæragerð	100%	
Eldi Refa AS, dótturfélag P/F Von	Noregur	Fiskeldisbúnaður	100%	
Heroy Terminal AS, dótturfélag Vónin Refa AS	Noregur	Fasteignafélag	100%	
UAB Vónin Lithuania, dótturfélag P/F Von	Litháen	Veiðarfæragerð	100%	
Vonin UK, dótturfélag P/F Von	Skotland	Fiskeldisbúnaður	100%	
Eldi Scotland, dótturfélag P/F Von	Skotland	Fiskeldisbúnaður	100%	
Jackson Trawls Ltd	Skotland	Veiðarfæragerð	80%	20%
Jackson Offshore Supply Ltd	Skotland	Sölufélag	80%	20%
Hampiðjan Offshore ehf.	Ísland	Sölufélag	100%	
Hampidjan Advant AS	Noregur	Sölufélag	100%	
Mørenot Holding AS	Noregur	Eignarhaldsfélag	100%	
Eldi Aqua Holding AS, dótturfélag Mørenot Holding AS	Noregur	Eignarhaldsfélag	100%	
Eldi Norway AS, dótturf. Eldi Aqua Holding AS	Noregur	Fiskeldisbúnaður	100%	
Eldi Protection AS, dótturf. Eldi Aqua Holding AS	Noregur	Fiskeldisbúnaður	100%	
Eldi Canada, dótturf. Eldi Aqua Holding AS	Kanada	Fiskeldisbúnaður	100%	
Eldi Spain, dótturf. Eldi Aqua Holding AS	Spánn	Fiskeldisbúnaður	100%	
Eldi Aqua Iceland ehf., dótturf. Eldi Aqua Holding AS	Ísland	Fiskeldisbúnaður	100%	
Eldi Baltic, dótturf. Eldi Aqua Holding AS	Litháen	Fiskeldisbúnaður	100%	
Mørenot Fishery AS	Noregur	Veiðarfæragerð	100%	
NAFS, dótturf. Mørenot Fishery AS	Bandaríkin	Veiðarfæragerð	100%	
Mørenot China, dótturf. Mørenot Fishery AS	Kína	Kaðla- og önglaframleiðsla	100%	
Mørenot China Trading, dótturf. Mørenot Fishery AS	Kína	Innkaupafélag	100%	
Mørenot Korea Co. Ltd., dótturf. Mørenot Fishery AS	S Kórea	Sölufélag	100%	
UAB Baltic Sea Steel, dótturf. Mørenot Fishery AS	Litháen	Hlerafarmleiðandi	100%	
Kohinoor Ropes Pvt. Ltd.	Indland	Kaðla- og netaframleiðsla	75%	25%
BK Global SHA, dótturfélag Kohinoor Ropes	Indland	Kaðla- og netaframleiðsla	51%	49%
Hampidjan Poland	Pólland	Sölufélag	100%	

Hlutdeild minnihluta í eigin fé dótturfélaga í lok tímabilsins er 16,3 milljónir evra. Af þeirri fjárhæð er hluti minnihluta í Swan Net Gundry Ltd. 6,6 milljónir evra. Aðrir hlutar minnihluta eru í Cosmos Trawl A/S, P/F Von, Voot ehf., Fasteignafélaginu Miðhús ehf., Jackson Trawls Ltd., Jackson Offshore Supply Ltd. og Kohinoor Ropes Pvt. Ltd.